

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2091  
komudagur 27.4.2011

Félag listmeðferðarfræðinga á Íslandi (FLÍS)  
Stjörnugróf 31, 108 Reykjavík  
Netfang: iris@skogur.com  
Sími: 849 3215

Reykjavík 12. apríl 2011

Þuríður Backman, formaður heilbrigðisnefndar Alþingis

Erindi: Í framhaldi af símaviðtali sem þið Birna Matthíasdóttir listmeðferðarfræðingur áttuð þann 6. apríl sendum við félagar í Félagi listmeðferðarfræðinga á Íslandi eftirfarandi bréf varðandi ósk okkur um löggildinu á starfsheitinu „listmeðferðarfræðingur“ (e. Art Therapist) frá Heilbrigðis- og trygginamálaráðuneytinu nú Velferðarráðuneytinu.

Listmeðferðarfræðingar, sem eru félagar í FLÍS og starfa hér á landi, þurfa að hafa framhaldsmenntun á háskólastigi (meistaragráðu eða sambærilega menntun) í listmeðferð frá viðurkenndri menntunarstofnun. Önnur menntun eða reynsla kemur ekki í stað þessarar formlegu kröfu félagsins. Listmeðferðarfræðingar sem nú eru starfandi á Íslandi hafa sótt nám sitt til Bandaríkjanna eða Bretlands. Starfsheitið listmeðferðarfræðingur er löggilt í Bretlandi og í Bandaríkjunum og er krafa okkar í samræmi við reglur um störf listmeðferðarfræðinga þar.

Listmeðferð er meðferðarúrræði sem byggir á sálfræðilegum kenningum með megináherslu á kenningar sálækninga (e. psychotherapy) og á kenningum um myndsköpun. Skjólstæðingar listmeðferðarfræðinga eru bæði börn og fullorðnir; einstaklingar sem stríða við m.a. geðræn vandamál, hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum eða eru að glíma við sjúkdóma eða fatlanir. Ljóst er að fólk án tilskilinnar menntunar í listmeðferð hefur ekki hlotið þjálfun og handleiðslu sem er nauðsynleg til að starfa við listmeðferð.

Félag listmeðferðarfræðinga á Íslandi (FLÍS) var stofnað árið 1998. Fyrir þann tíma höfðu verið starfandi listmeðferðarfræðingar á Íslandi allt frá á áttunda áratugnum. Þó listmeðferðarfræðingar séu enn í dag fámenn stétt, þá eru þeir starfandi víða innan heilbrigðis-, félags- og menntakerfisins hér á landi. Listmeðferðarfræðingur hefur lengi starfað við barna- og unglingageðdeild (BUGL) og vaxandi listmeðferðarstarf er innan fleiri deilda Landspítala-háskólasjúkrahúss, sem dæmi í átröskunarteymi á Landspítala v/Hringbraut og dagdeild líknardeildar í Kópavogi. Einnig starfa listmeðferðarfræðingar innan öldrunarstofnana, menntastofnana og reka einkastofur þangað sem skjólstæðingum er vísað meðal annars af barnalæknum, geðlæknum, sálfræðingum, barnaverndarnefndum og félagsmálayfirvöldum.

Félagið sótti fyrst um löggildingu á starfsheitinu „listmeðferðarfræðingur“ í janúar árið 1999 og fylgdi umsóknarreglum ráðuneytisins í einu og öllu. Síðan þá hefur FLÍS reglulega fylgt umsókninni eftir með bréfaskrifum og fundarsetum en enn ekki hlotið löggildingu. Að beiðni ráðuneytisins aflaði FLÍS meðal annars umsagnar frá landlæknisembættinu árið 2000 þar sem kom fram að listmeðferðarfræðingar eigi ekki

síður erindi sem formleg heilbrigðisstétt en aðrar heilbrigðisstéttir sem nú þegar hafa hlotið löggildingu (sjá meðfylgjandi fylgiskjal).

Listmeðferðarfræðingar starfa víða en listmeðferð er skilgreind sem heilbrigðisstétt hérlandis sem erlendis. Því leita listmeðferðarfræðingar á Íslandi eftir löggildingu frá Velferðarráðuneytinu.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd Félags listmeðferðarfræðinga á Íslandi,

Íris Ingvarsdóttir, listmeðferðarfræðingur  
formaður FLÍS

Elisabet Lorange listmeðferðarfræðingur  
ritari FLÍS

Vinsamlega sendið svarbréf til:  
Félag listmeðferðarfræðinga á Íslandi (FLÍS)  
b.t. Írisar Ingvarsdóttur  
Stjörnugróf 31  
108 Reykjavík

eða á netfangið: [iris@skogur.com](mailto:iris@skogur.com)



Félag listmeðferðarfræðinga á Íslandi  
b.t. Írisar Ingvarsdóttur formanns  
Hringbraut 78  
107 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2000  
MH/kg

**Efni: Fyrirspurn Félags listmeðferðarfræðinga á starfsheiti og löggildingu á starfsheitinu listmeðferðarfræðingur.**

Undirritaður hefur kynnt sér bréf til landlæknis, dagsett 16.02.2000, um ofangreint efni, en samskonar bréf mun hafa verið sent Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Af þeim gögnum sem fylgja bréfi yðar er ekki að sjá að nein fagleg rök standi gegn því að starfsheitið listmeðferðarfræðingur hljóti löggildingu hér á landi og er þá miðað við það nám sem lýst er í bréfinu, það er nám í Bretlandi og Bandaríkjunum, sem kennt er við viðurkennda háskóla og miðast við að efla andlega heilsu.

Ofangreind umsögn er eingöngu faglegs eðlis. Landlæknisembættinu er kunnugt um að í smíðum er frumvarp til laga um heilbrigðisstéttir. Að mati embættisins eiga listmeðferðarfræðingar ekki síður erindi sem heilbrigðisstétt en ýmsar aðrar greinar sem nú hafa löggildingu.

Virðingarfyllst

  
Mathias Halldórsson  
aðstoðarlandlæknir